

Dags. fundar: 5. júlí 2010	Tími: 17:00	Nr. fundar: 5
Fundarboðari: Ólafur Baldursson	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Staður: Fundarsalur A. Íþróttamiðst. Laugardal..

Efni fundar:

1. **Nýr nefndarmaður.**
2. **Umsóknir til FINA um alþjóðlega sunddómara.**
3. **Íslensk þýðing á FINA sundreglum.**
4. **Kvartanir vegna dómgæslu.**
5. **Dómaranámskeið sundárið 2010-2011.**
6. **Yfirdómaranámskeið sundárið 2010-2011.**
7. **Lágmarkamót.**
8. **Störf innan dómara-, móta- og tækninefndar.**
9. **Önnur mál.**
 - a) **Kynning á störfum sunddómara.**
 - b) **Starfsmannalistar.**
10. **Næsti fundur**

Viðstaddir: Ólafur Baldursson, Gunnlaugur Þráinsson, Steinunn Rósa Einarsdóttir, Birna Björnsdóttir og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

Ekki boðuð: Þröstur Valdimarsson og Ragnhildur Guðjónsdóttir.

Dagskrá:

1. Steinunn Rósa Einarsdóttir úr Ægi er boðin velkomin á sinn fyrsta fund.
2. Til FINA er búið að senda umsókn þess efnis að Birna Björnsdóttir og Ólafur Björnsson fái að starfa sem alþjóðlegir dómara og að Klemenz Sæmundsson og Gunnlaugur Þráinsson fái að starfa sem alþjóðlegir ræsar. Gunnar V. Eiríksson er á Masters lista og getur ekki verið á tveimur listum. Ef FINA samþykkir umsóknina hefja þau störf frá 1. janúar 2011 sem m.a. getur þýtt að einhver þeirra geti starfað á Ólympíuleikunum 2012. Ennþá hefur enginn íslenskur sunddómara starfað á Ólympíuleikum en Íslendingar hafa átt sunddómara á HM mótum. Alþjóðlegir dómara verða að halda áfram að dæma á mótum í sínu heimalandi til að viðhalda réttindum sínum. FINA listarnir eru á slóðinni http://www.fina.org/project/index.php?option=com_content&task=blogcategory&id=28&Itemid=117
3. Búið er að þýða breyttar sundreglur FINA á íslensku. Mun þýðingin annaðhvort verða senda dómurum eða sett á vefsíðu SSÍ www.sundsamband.is undir dómaramál, ýmis dómgæslugögn.

4. Kvartanir hafa borist vegna dómgæslu á sundmótum. Mun dómara nefndin ásamt stjórn SSÍ kynna sér málið og ræða við þá dómara sem þar eiga hluta að máli. SSÍ vill geta boðið upp á dómgæslu sem hægt er að taka til fyrirmyndar og hefur fjölgað jákvæðum viðbrögðum erlendis frá að dómgæsla á sundmótum á Íslandi sé til fyrirmyndar.
5. Búið er að orða við yfirdómara innan félaga t.d. ÍRB og Ægis hvort þeir séu tilbúnir að kenna á dómara námskeiðum. Til er kennslufni m.a. á diskum sem hægt er að fjölfalda. Námskeiðin yrðu þá auglýst innan félaganna en öllum sem áhuga hafa er velkomið að taka þátt. Dómara námskeið hafa ekki verið dagsett þar sem enn er verið að vinna í atburðardagatali SSÍ fyrir sundárið 2010-2011.
6. Ekki verða yfirdómara námskeið heldur dagsett og á einnig eftir að fara yfir hvaða almennir dómara geta sótt yfirdómara námskeið miðað við reynslu þeirra sem almennir dómara.
7. Á líðandi sundári hefur aðeins borið á að lágmarkamót vegna eins eða fleiri sundmanna eru haldin. Eru þessi mót jafnvel inn á milli mótshluta á öðrum mótum, án þess að sótt hafi verið um leyfi, með 3ja daga fyrirvara, um lágmarkamótin. Dómara-, móta- og tækninefnd vill árétta við félög að um slík mót þarf að sækja eins og öll önnur. Ekki sé nóg að setja mótið upp þrátt fyrir að annað mót sé í gangi og starfsfólk „á svæðinu“.
8. Dómara-, móta- og tækninefnd er þannig samsett að Þröstur og Ragnhildur sjá fyrst og fremst um móta- og tæknihlutann og fá þá með sér til starfa aðra úr nefndinni. Helst myndi nefndin vilja fá fleiri til að starfa að móta- og tæknimálum. Dómaramálin koma því mest í hlut annarra nefndarmeðlima en Svanhvít mun taka sér hlé frá störfum um óákveðin tíma.
9.
 - a) Í framhaldi af umsókn um alþjóðlega dómara væri áhugavert að halda kynningu á störfum sunddómara. Íslendingar hafa átt dómara á erlendri grundu í öðrum íþróttagreinum en lítið hefur farið fyrir störfum sunddómara erlendis þótt þeir hafa verið nokkrir í gegnum tíðina. Um að gera að virkja Sunddómarafélag Íslands (SDÍ) í þess háttar kynningu.
 - b) Enn vantar nefndina töluvert af upplýsingum um sundmót sem haldin hafa verið frá því í janúar 2010. Bæði upplýsingar um hvaða starfsmenn unnu á mótunum og einnig hvort öllum tilskyldum gögnum hefur verið skilað til SSÍ. Mun nefndin halda áfram að kalla eftir þessum gögnum eins og hún hefur gert undanfarna mánuði.
 - b) Boðað verður til næsta fundar.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Þýddar FINA sundreglur	ÓB	Sem fyrst
Vöntun á gögnum til nefndar	ÓB	Sem fyrst

Fylgiskjöl: Engin.

Fundi slitið kl: 18:25

Næsti fundur: Verður boðað til hans.